



# Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

31. tölublað 4. árgangur mars 2015 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

## Vissir þú að....

Árshátíðin er  
19. mars kl. 17<sup>00</sup>?

## Vísur í mars á Kötlukoti.

### Fjalla um Xx, Þþ og Ææ

Endilega skoðið vel  
þessar vísur og ræðum  
saman um þessa  
skemmtilegu stafi og  
hljóðin þeirra.

## Símanúmer

Aðalnúmer 460-4970

Skólastjóri 460-4971

Kötlukot 460-4973

Félagsheimili 460-4979



## Samskiptaboðorðin

**Horfa** (augnsamband)

**Heilsa** (einlægur áhugi)

**Hlusta** (veita athygli)

**Hljóma** (jákvæður radd-  
blær)

**Hrósa** (hvetja)

**Hjálpa** (vera til staðar)



## Kæra skólasamfélag

Undanfarið hefur flensa herjað heiftarlega á marga nemendur og suma daga voru örfá börn í skólanum. Vonum að þetta sé að verða búið svo allir verði virkir í undirbúningi árshátíðar skólans sem er 19. mars. Hvetjum ykkur til að koma og njóta og taka vini og ættingja með ykkur. Annars líf og fjör í skólastarfinu, sól hækkar á himni og seinni hálfleikur 3. starfsárs skólans er hálfnaður. Ýmsar breytingar munu verða á skólastarfinu á 4. starfsári sem við kynnum er nær dregur. Börnum hefur fækkað á Kötlukoti og í skólanum í heild, vegna þessa höfum við þurft að draga saman starfshlutföll. Það jákvæða er að nýr nemandi kom í 6. bekk og fögnum við því. Það er ljóst að það mun fækka í nemendahópnum enn frekar á næstu misserum, það er áhyggjuefni. Við höfum hinsvegar tröllatru á því að fólk kjósi áfram að búa á Ströndinni, fjölga sér og sjá þannig skólanum fyrir efnivið um ókomin ár. Það jákvæða er líka að nemendum frá Dalvík hefur fjölgað í skólanum og fólk kannski að átta sig á því að við erum raunhæfur valkostur fyrir þá sem ef til vill kjósa/þurfa minni einingu. Það er bjart framundan. Sjáumst hress á árshátíð!

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

## Lestrarstefna

Í vor er komið að því að binda saman allt það sem skólinn hefur unnið með í lestrar- og læsisvinnu og móta þannig heildstæða lestrarstefnu skólans fyrir leik- og grunnskólastig. Í skólanum er unnið markvisst að undirbúningi lesturs frá upphafi skólagöngu barns sem hefur nám á leik-skólastigi, það er gert í gegnum leikinn, með formlegri þjálfun s.s. hljóðgreiningu, bókstöfum, tölustöfum, söng og mörgum öðrum þáttum. Eiginleg stafainnlögn á sér stað bæði á leik- og grunnskólastigi, heimalestur, ritun, lesskilningsvinna, málörvun, upplestur og margt margt fleira sem er unnið með í skólanum og miðar að því að barn verði læst. Í lestrarstefnu munu birtast *áherslur*, *aðferðir* og *mat* á lestrarkennslu skólans. Markmiðið er að barn öðlist góðan málþroska, geti nýtt sér tungumál á breiðum grunni til að auka færni sína, menntast og þroskast á sínum forsendum. Lestrarstefnan verður svo kynnt fyrir foreldrum þegar hún er tilbúin. Spannandi verkefni og þarft. Muna að lesa fyrir börnin og hlusta á þau lesa heima, það er mjög mikilvægt!

## Árshátíð Árskógarskóla

Verður fimmtudaginn 19. mars kl. 17:00-18:30 í félagsheimilinu Árskógi.

Miðaverð: 18 ára og eldri 1000 kr. 6-18 ára 500 kr. 0-6 ára frítt.

Nemendur Árskógarskóla fá frítt.

Foreldrafélag skólans selur súpu, brauð og kaffi að lokinni sýningu.

Verð: 18 ára og eldri 600 kr. 6-18 ára 300 kr. 0-6 ára frítt



Biðjum foreldra að muna að taka frá sæti fyrir börnin þegar þau hafa lokið sínu hlutverki.

Allur ágóði er til styrktar fjölbreyttu starfi foreldrafélagsins og skólans fyrir nemendur.

***Þemað er þjóðsögur og ævintýri***

**Allir velkomnir og við vonum að sem flestir láti sjá sig.**

**Nemendur og starfsfólk Árskógarskóla**

## Vetrarhátíð Kötlukots

Föstudaginn 27. mars ætlum við að hafa vetrarhátíð Kötlukots. Við ætlum að elda, leika okkur og hafa gaman. Við förum út um kl: 9:30.

Allir velkomnir að koma og eiga skemmtilega stund með okkur.



## Opnunartími og skóladagatal

Árskógarskóli er opinn alla virka daga frá 07:45-16:15.

Vinsamlegast kynnið ykkur skóladagatal 2014-2015 svo allt sé á hreinu, viðburðir, lokanir!

Munið eftir myndasafninu á heimasíðunni <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>










náms**Á**hugi-þ**R**autseigja-**S**amvinna-lei**K**ur-útisk**Ó**li-**G**leði-**U**mhyggja-vi**R**öðing



# Viðburðadagatal mars 2015

Mánudagur    Þriðjudagur    Miðvikudagur    Fimmtudagur    Föstudagur    **Laugardagur**    **Sunnudagur**

2 Foreldraviðtöl grunnskólastig smiðjuskípti 	3 Baltasar Ríó Lárs 	4	5 Lokakeppni stóru upplestrar keppinnar í Tjarnarborg kl:14	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19 Árshátíð kl: 17 <sup>oo</sup> 	20 Úfið hár dagur! 	21 Hugrún Jana 8 ára 	22
23 Félagsmiðstöð fyrir 1.-4. bekk 16:30 mála páskaegg	24	25	26	27 Sigurbjörn Kristján 8 ára Margrét Lilja 1 árs <b>Vetrarhátíð</b> <b>Kötlukots</b> 	28	29 <b>Pálmásunnu-</b> <b>dagur</b>
30 Bjartur Logi 10 ára  <b>Páskafrí</b> <b>grunnskólastig</b>	31 <b>Páskafrí</b> <b>grunnskólastig</b>					